

Ráðstefna um leigumarkað og leigjendur

11. apríl 2014

Á árunum eftir bankahrunið 2008 hefur mikill órói verið ríkjandi á íslenskum húsnæðismarkaði. Sú séreignarstefna sem ríkt hefur áratugum saman hefur reynst erfiðari og erfiðari í framkvæmd, þúsund fjölskyldna hafa tapað eignum sínum og tugþúsund heimila búa við þá stöðu að húsnæðisskuldur þeirra eru hærri fjárhæð en sem nemur heildarverðmæti húsnæðis þeirra. Þetta hefur leitt til þess að hlutfall þeirra Íslendinga sem búa í leiguhúsnæði hefur hækkað verulega á aðeins örfáum árum. Þessi þróun hefur áð í för með sér að forsendur húsnæðisstefnu Íslendinga hafa umpólast og uppbygging lífvænlegs leigumarkaðar er allt í einu komin í brenndepil stefnumótunar í þessum málaflokki.

Af framansögðu tilefni hóf ReykjavíkurAkademían kringum áramótin 2013/2014 undirbúning að ráðstefnuhaldi um leigumarkað og málefni leigjenda, sem hafa undanfarin misseri orðið sífellt meira áberandi í íslenskri þjóðmálaumræðu. Verkefnisstjóri ráðstefnunnar var Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur. Samstarfsaðilar voru Félagsfræðingafélag Íslands og Meistaránámsbraut LBH í skipulagsfræði. Í byrjun var atburðurinn hugsaður sem námstefna eða málþing sem stæði frá hádegi til síðdegis, en fljótlega vatt dagskrárefnið það mikið upp á sig að úr varð ráðstefna sem standa myndi yfir heilan vinnudag. Einnig var ákveðið að leita eftir þátttöku tveggja erlendra fyrirlesara. Þá var leitað til allnokkurra innlendra aðila með beiðnum um stuðning við ráðstefnuna og brugðust þeir flestir við með jákvæðum hætti.

Ráðstefnan fór svo fram föstudaginn þann 11. apríl 2014, í samkomuhúsinu Iðnó. Hófst hún með [ávarpi](#) félags- og húsnæðismálaráðherra, *Eyglóar Harðardóttur*. Ráðherra lagði áherslu á vaxandi mikilvægi leigumarkaðarins í framtíðarskipan húsnæðismála og greindi frá tillögum sérstakrar verkefnisstjórnar er varða það markmið. Næstur á dagskrá var fyrri erlendi fyrirlesarinn, *Dr. Richard Ronald*, prófessor við háskólana í Amsterdam og Birmingham, sem m.a. fjallaði um undanhald séreignarstefnu í ýmsum Evrópulöndum og tilkomu nýrrar leigjendakynslóðar, „Generation Rent“. Síðari erlendi fyrirlesarinn var *Magnus Hammar*, aðalritari Alþjóðasamtaka leigjenda (IUT, International Union of Tenants). Magnus fjallaði í erindi sínu um réttarstöðu leigjenda víða um heim og baráttu þeirra og samtaka þeirra fyrir því að jafnræðis sé gætt milli eigenda og leigjenda. Síðasti fyrirlesari fyrir hádegishlé var *Jón Rúnar Sveinsson*, félagsfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, sem fór í fyrirlestri sínum yfir stöðu leigjenda á Íslandi fyrr og nú.

Í hádegishléi bauðst þátttakendum að kaupa sér léttu máltíð í Iðnó.

Fyrsti fyrirlesarinn eftir hádegi var *Dagur B. Eggertsson*, þáverandi formaður bogarráðs í Reykjavík. Fjallaði Dagur um helstu áherslur Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum og dró fram aukið vægi leigu- og búseturéttaríbúða í framtíðarstefnumótun höfuðborgarinnar. Skipulagsmál voru áfram til umfjöllunar í erindi *Dr. Sigríðar Kristjánsdóttur* undir yfirskriftinni: Hefur

þú efni á að búa í borg? Þessu næst var röðin komin að framkvæmdastjóra nýstofnaðar Samtaka leigjenda, *Hólmsteini Brekkan*, og fjallaði fyrirlestur hans m.a. um bráðavandann á leigumarkaðinum í Reykjavík og réttindi manna til húsnæðisöryggis sem grundvallamannréttindi.

Eftir kaffihlé héldu fyrirlestra þær *Elín Björg Jónsdóttir*, formaður BSRB og *Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir*, mannfræðingur. Erindi Elínar Bjargar fjallaði um jafnræði á húsnæðismarknum og Hallfríður greindi frá niðurstöðum sínum um húsnæðisstöðu pólskra innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðstefnunni lauk svo með pallborðsumræðum undir stjórn Þóru Arnórsdóttur, þáttastjórnanda hjá RÚV. Fundarstjórar á ráðstefnunni voru þær Hallfríður Þórarinsdóttir og Ingunn Ásdísardóttir.

Styrktaraðilar ráðstefnunnar voru eftirtaldir: Reykjavíkurborg, Íbúðalánasjóður, Félagsbústaðir, Búseti, Búmenn, Garðabær og Hafnarfjarðarbær.